

Ytra mat grunnskóla

Grunnskóli

Fáskrúðsfjarðar

október 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fjarðarbyggð.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Sædís Ósk Harðardóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2396-8

Innihald

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá	13
2.2. Árangur náms	13
2.3 Gæði kennslu	16
2.4 Skipulag náms.....	17
2.5 Námsvitund	18
2.6 Ábyrgð og þátttaka	18
Þáttur 3 – Innra mat	20
3.1 Skipulag.....	20
3.2 Framkvæmd.....	20
3.3 Umbætur	20

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar sem fór fram á haustönn 2019. Teknir voru fyrir þrjú matsþættir, þar sem sveitarfélag/skóli óskaði ekki sérstaklega eftir að metinn yrði einhver fjórði þáttur. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stefna skólans og einkunnarorð eru sýnileg í starfi skólans.
- Starfsmenn telja samheldni og liðsheild einkenna starfið í skólanum.
- Stjórnendur hvetja til starfsþróunar og eru virkir að deila upplýsingum þar um til starfsmanna.
- Stjórnendur skapa svigrúm til endurmenntunar hjá starfsmönnum.
- Góð samfella er milli skólastiga með leikskóla í sama húsnæði.
- Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu.
- Kennarar eru ánægðir með skipan kennslu.
- Kennarar finna fyrir trausti hjá stjórnendum og hafa sveigjanleika við skipulagningu náms og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra og birta skólanámskrá á heimasíðu skólans.
- Skólinn þarf að setja sér starfsáætlun og birta.
- Í starfsáætlun skólans þarf að skrá hvernig sérkennslu skólans er háttað.
- Upplýsa foreldra um sérfræðiþjónustu sem skólinn á kost á.
- Gera þarf grein fyrir markmiðum og tengslum símenntunar við áherslur skólans og hverjar áherslur eru í endurmenntun kennara og annarra starfsmanna aðrar en með námsferðum.
- Nýta niðurstöður samræmda prófa og annarra mælitækja markvissar.
- Skrá og kynna fyrir nemendum hverjir eru þeirra fulltrúar í nefndum og ráðum og hvert hlutverk þeirra er.
- Skrá betur verkefni sem skólinn er að vinna að, svo sem uppeldi til ábyrgðar, grænfánann og nefndir sem tengjast þeim.
- Æskilegt er að gera grein fyrir samstarfsverkefnum við grenndarsamfélagið.
- Halda einn opinn skólaráðsfund á ári.
- Hafa fulltrúa foreldra og nemenda með við endurskoðun skólareglna.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Stefna menntayfirvalda og sveitarfélags er gerð skil í skólanámskrá, svo sem grunnþáttum menntunar og uppeldisstefnu.
- Heildaráætlanir um nám og kennslu (námsvísar/bekkjarnámskrár) eru birtar á heimasíðu.
- Áætlanir um nám og kennslu eru settar fram á samræmdan hátt.
- Í skólanámskrá er fjallað um stuðning og tilgreinir hvernig tilhögun og framkvæmd hans er.
- Árangur nemenda í 4. bekk hefur verið að eflast á samræmdum könnunarprófum.
- Námsmat er fjölbreytt, með umsögnum, einkunnum og sýnismöppum.
- Kennarar yngsta stigs skipuleggja nám og kennslu í sameiningu.
- Skólinn er vel búinn námsgögnum og tækjum.
- Nemendur unglíngastigs hafa val í þemaverkefnum.
- Nemendur þekkja hlutverk kjörinna fulltrúa sinna í ráðum og nefndum.

Tækifæri til umbóta

- Mjög mikilvægt er að vinna markvisst með virkari innleiðingu uppeldisstefnunnar Uppeldi til ábyrgðar með nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Stoppa þarf fámennan hóp nemenda sem truflar námsfrið samnemenda.
- Birta þarf skólanámskrá sem fyrst á skólaárinu.
- Kynna foreldrum áætlanir í námi og viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Kynna skólareglur fyrir nemendum.
- Gera nemendum betur ljóst hver eru markmið þeirra í námi og hafa þau sýnileg.
- Stefna að því að sérstakur stuðningur fari fram í námshópi nemenda eins og við verður komið.
- Huga hvað veldur þegar mikill munur er á árangri nemenda eftir námsgreinum á samræmdum könnunarprófum.
- Efla samvinnu og samræður nemenda í námi.
- Efla þarf samvinnu kennara um skipulag og framkvæmd náms og kennslu. Sérstaklega þarf að huga að því þar sem margir kennarar koma að kennslu sömu greinar í sama árgangi/námshópi.

Innra mat

Styrkleikar

- Mat á námi, árangri og framförum nemenda fer fram reglulega, svo sem með Lesferli og samræmdum könnunarprófum.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf markvisst að innleiðingu innra mats í skólanum.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að hafa umsjón með framkvæmd innra mats og skipulagi þess.
- Gera langtímaáætlun um innra mat til þriggja til fimm ára.
- Vinna áætlun um innra mat ársins og gera þar grein fyrir aðgerðum, þátttakendum, tímasetningum, ábyrgðaraðilum og viðmiðum um árangur, þar sem það á við.
- Leita formlega eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðilar við matið, s.s. foreldra.
- Vinna árlega greinargerð um innra mat og birta opinberlega.
- Gera árlega umbótaáætlun þar sem fram koma aðgerðir, tímasetningar, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.
- Bera umbótaáætlun sem og aðrar áætlanir og skýrslur í innra mati undir skólaráð með formlegum hætti.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli skóla.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar er við Hlíðargötu 56 á Fáskrúðsfirði í Fjarðabyggð og er fyrir nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur koma úr dreifbýli og þéttbýli við Fáskrúðsfjörð.

Skólinn er hluti af skólamiðstöðinni á Fáskrúðsfirði en þar starfa leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli og almenningsbókasafn undir sama þaki.

Einkunnarorð skólans eru **ánægja, ábyrgð, árangur** og gildin felast nokkuð í einkunnarorðunum og uppeldisstefnu skólans sem er Uppeldi til ábyrgðar.

Í skólanum eru um 100 nemendur á haustönn 2019, þar af aðeins tveir úr dreifbýlinu. 19 nemendur eru af erlendum uppruna.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	12	12	7	15	10	7	7	8	5	16
Fjöldi bekkjardeilda	1	1		1		1		1		1
Samkennsluhópar		2.-3. bekkur		4.-5. bekkur		6.-7. bekkur		8.-9. bekkur		

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru 13 og nemendur með skilgreinda sérkennslu og aðlagað námsefni eru alls 32; 10 á yngsta stigi, 8 á miðstigi og 14 á unglingsstigi.

Engin kennslustund hefur fallið niður á skólaárinu.

Við skólann starfa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Kennarar eru níu, þar af eru sex umsjónarkennarar hver í 100% stöðuhlutfalli, einn kennari í 60% stöðu, einn kennari sem sinnir sérkennslu í 100% stöðu og stundakennari í 10% stöðu. Leiðbeinendur eru fimm í þremur stöðugildum. Tónlistarkennari kennir við skólann í nokkrar kennslustundir. Ritari er í hálfu starfi og stuðningsfulltrúar eru sex í fjórum stöðugildum og fimm skólaliðar eru í þremur stöðugildum. Við frístund starfa tveir í einu stöðugildi.

Hjúkrunarfræðingur kemur fjórar klst. á viku og sérfræðingar skólaskrifstofu og félagsþjónustu eftir þörfum.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Ánægja, ábyrgð og árangur eru einkunnarorð Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar og eru þau vel sýnileg á forsiðu heimasíðu skólans, auk þess sem bæði nemendur, foreldrar og starfsmenn þekkja þau. Matsmenn sáu ekki skólanámskrá fyrir yfirstandandi skólaár, en skólanámskrá skólaársins 2018-2019 er til en ekki birt á heimasíðu skólans. Við matið er stuðst við þá námskrá. Engin starfsáætlun er til fyrir skólann. Hvorki foreldrar né nemendur koma að vinnu við skólanámskrá eða stefnu skólans. Skólinn starfar eftir uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar og hefur gert um skeið. Stefnan var tekin upp að ákvörðun Fjarðarbyggðar, foreldrar og nemendur kannast ekki við að hafa heyrt um hana en kennarar þekkja til hennar. Foreldrar í rýnihópi töluðu um að gott væri að fá kynningu á henni. Einnig starfar skólinn að verkefni í samvinnu við Fjarðarbyggð sem heitir *Bættur námsárangur*. Sveitarfélagið hefur markað sér lestrarstefnu sem skólinn starfar eftir og er hún sýnileg á heimasíðu skólans. Þegar kemur að stefnumótun skólans hefur ekki verið haft samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Í viðtali við skólustjóra kemur fram að verið sé að endurskoða stefnu Fjarðarbyggðar, skólustjóri kemur sjálfur ekki að þeirri vinnu en skólinn átti kennara í þeirri nefnd. Almenn tölja starfsmenn skólans og foreldrar að fréttaflutningur af skólanum sé jákvæður og góður og að stjórnendur leggi áherslu á það jákvæða í skólastarfinu.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Samkvæmt starfsmönnum ríkir góður starfsandi í skólastarfinu, stjórnendur eru duglegir að hvetja kennara og starfsmenn til að leita sér endurmenntunar og efla sig í starfi og eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar. Stjórnendur hafa yfirlit yfir símenntun starfsmanna og gera kröfu um að kennarar skili upplýsingum um símenntun sína. Kennarar voru sammála um að stjórnendur skapi svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og væru mjög sveigjanlegir um möguleika á þátttöku í námskeiðum og ráðstefnum. Útbúa þarf símenntunaráætlun og skilgreina þar tímaramma og einstaklingsáherslur í símenntun. Kennarar sögðu að þeir vildu gjarnan fá fleiri námskeið á svæðið eða geta notað fjarfundabúnað meira sökum þess hve flókið og dýrt geti verið að fara alltaf um langan veg til að sækja sér endurmenntun.

Áhersla hefur verið á nýjungar í upplýsingatækni og markvissa vinnu við að efla læsi í skólanum þar sem unnið er samkvæmt stefnu sveitarfélagsins. Nemendur hafa aðgang að spjaldtölvum til að nýta við nám sitt. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eru á einu máli um það að liðsheildin sé góð og í viðtali við starfsmenn og kennara kom fram að hún sé betri en oft áður.

Starfsmenn og nemendur eru almennt sammála um að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni skólastarfið og mikið er lagt upp úr því að allir fái að segja sína skoðun. Hins vegar kemur fram hjá foreldrum að þeir vildu gjarnan koma meira að því að hafa áhrif á skólastarfið.

Almenn ánægja er með skipulag starfsins og samvinnu í teyrum, þá sérstaklega á yngsta stigi. Kennarar fá talsvert um það að segja hvernig þeir raða sínum tíma niður og telja að sérhæfing hvers og eins sé að mestu nýtt. Starfsmenn nýta samráðsfundi sem og annan tíma til að ræða og ígrunda sitt starf, verklag og fá speglun á sína vinnu. Að þeirra mati gerir smæðin það að verkum að auðvelt er að ræða árangur og aðferðir reglulega. Hins vegar kom fram í viðtölum að það vantaði upp á að stjórnendur veittu ráðgjöf og leiðbeiningar við að nýta niðurstöður kannana og prófa og gögn markvisst, til dæmis vegna námsmats til eflingar náms nemenda og starfs skólans.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Í viðtali við foreldra og skólaráð kom fram að foreldrar og aðrir í skólasamfélaginu vildu gjarnan hafa meiri aðkomu og meira samstarf við skólann. Þeir hafa áhuga á að vera þátttakendur í ákvarðanatöku og skipulagi skólastarfs og telja ekki leitað til þeirra eftir hugmyndum. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við ytra matið sem foreldrar 57% nemenda svöruðu, kom fram að almennt líður nemendum vel í skólanum og meirihluti foreldra sem svara telja sig frá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um nám barnanna. Hins vegar kom fram að ekki ríkir fullt traust til skólans og stjórnenda. Tæplega helmingur foreldra telur skólanum vel stjórnað en um 35% telur svo ekki vera. Ábendingar komu frá foreldrum um samskiptavanda sem þarf að skoða frekar og leysa.

Í viðtali við kennara kom fram að foreldrum er ávallt boðið á kynningar í skólanum og sýningar ef nemendur eru að ljúka ákveðnum verkefnum. Skólaráð fundar einu sinni á önn, í viðtali við foreldra kom fram að ekki allir vissu hverjir væru fulltrúar foreldra í skólaráði og þarf að kynna það nánar fyrir foreldrum. Samvinna er við grenndarsamfélagið og er fulltrúi þess í skólaráði. Misbrestur er á að skólaráð haldi árlega opinn fund um málefni skólans. Gott samstarf er við leikskólann, tónlistarskólann, slökkviliðið og dvalarheimilið. Björgunarsveitin hefur komið með fræðslu í skólann, skyndihjálparnámskeið er haldið á vegum slysavarnadeildarinnar og lögreglan tengist hjóladögum. Fyrirtæki í bænum hafa styrkt skólann veglega, meðal annars með tækjakosti og þegar illa viðrar lánar eitt fyrirtækið rútur til aksturs milli íþróttahúsa og skóla.

Almennt eru foreldrar sammála því að lögð sé áhersla á að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum sem tengist skólanum og að þeir fái þær upplýsingar sem þeir þurfi frá skólanum en fram kom að foreldrar telja sig stundum fá upplýsingar of seint, það mætti láta vita fyrr af uppákomum svo sem fundum og öðru sem foreldrum er boðið á. Í viðtölum við foreldra kom fram að þeir hafa ekki fengið kynningu á stoðþjónustu skólans og skólaþjónustu sveitarfélagsins.

Leik- og grunnskóli eru í sama húsnæði, mikil samvinna er milli skólastiganna og fara nemendur í 1. bekk í heimsókn í leikskólann og öfugt. Í skólanámskrá kemur fram að nemendur í 9. og 10. bekk fara í heimsóknir í framhaldsskólana á Austurlandi. Einnig fá þeir nemendur sem lokið hafa grunnskólamarkmiðum í ákveðinni grein að stunda nám á framhaldsskólastigi í fjarnámi frá skólanum. Félagsmiðstöðin og frístundastarf hafa aðsetur í skólahúsnæðinu. Tónlistarskólinn hefur aðstöðu til kennslu í sama húsnæði og skólinn.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Skólastjórnendur geta sagt frá sýn sinni og áherslum varðandi skólastarfið, en þar sem engin skólanámskrá er birt kemur það hvergi opinberlega fram. Mikilvægt er að gera betur grein fyrir hvernig kannanir og skimanir eru nýttar í kennslu. Skólinn notar skólapúlsinn en hefur ekki nýtt þær niðurstöður

í innra mati, sem reyndar hefur ekki verið framkvæmt um skeið. Í skólanámskrá kemur fram að skólinn notar Mentor til að setja inn upplýsingar um námsárangur nemenda.

Gera þarf betur grein fyrir tengslum símenntunar við markmið og áherslur skólans og gera tímasetta símenntunaráætlun þar sem kemur fram hverjir leiða fræðsluna, hverjir eru þátttakendur og hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn skóla- og kennsludagafjölda. Kennslutími nemenda yngsta stigs (30 kes.), miðstigs (35 kes.) og unglingastigs (37 kes.) er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru á heimasíðunni en þar vantar hluta af því sem vera á í skólanámskrá og starfsáætlun. Almenn ánægja er meðal starfsfólks og kennara með stjórnun og daglegt skipulag. Samkvæmt viðtölum við foreldra og foreldrakönnun ríkir ekki alveg sama ánægja í þeirra hópi með stjórnunina þar sem um 35% foreldra sem svara foreldrakönnuninni telja skólanum ekki vel stjórnað.

Samkvæmt stjórnanda eru til ferlar um lausn ágreiningsmála í starfsmannahópnum sem Fjarðarbyggð hefur unnið. Á heimasíðu skólans er tengill á heimasíðu Fjarðarbyggðar þar sem mannauðsstefna sveitarfélagsins er sett fram og þar er fjallað um heilsu, öryggi, vinnuvernd og jafnrétti. Nemendum eru kynnt netöryggismál og farið er yfir persónuverndarmál með starfsmönnum og foreldrum. Verktakar sem koma inn í skólann hafa ekki verið látnir skrifa undir yfirlýsingu um trúnað í starfi.

Nemendaráð starfar við skólann og eru helstu verkefni þess félagsstarf nemenda. Fulltrúar nemenda eru í skólaráði en nemendur segjast ekki hafa fengið sérstaka þjálfun til þessara starfa.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Almennt er ánægja meðal starfsmanna og kennara með stjórnendur og telja þeir gott að leita til þeirra með sín mál. Verkaskipting stjórnenda er skilgreind og sérþekking þeirra nýtist vel að þeirra mati. Aðstoðarskólastjóri er ekki kennaramenntaður¹ heldur viðskiptafræðingur og hefur nýtt þekkingu sína og reynslu í fjármálum og kemur að þeim þætti eftir þörfum en er yfirmaður sérkennslu og tengiliður skólans við stoðþjónustuna. Stjórnendur tala báðir um gott samstarf sín á milli og að þeir fundi reglulega og séu duglegir að miðla upplýsingum.

Kennarar tala um að stjórnendur séu sýnilegir og duglegir að kíkja í heimsókn í skólastofurnar. Fram kom að stjórnendur eru hvetjandi og hrósa starfsmönnum. Starfsþróunarsamtöl fara reglulega fram. Skólinn er fámennur skóli þar sem árgöngum er kennt sama. Kennslu er skipað niður með tilliti til sérhæfingar kennara eins og við verður komið. Kennarar eru almennt ánægðir með það hvernig sérþekking þeirra fær að njóta sín og almennt er farið eftir þeirra óskum.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni sína með því að sækja sér endurmenntun og með samstarfi við aðra skólastjóra í gegnum skólaþjónustu sveitarfélagsins. Kennarar, sem og annað starfsfólk, hafa mikið frelsi til að sinna endurmenntun sinni og eru hvattir til þess af stjórnendum. Leitast er við að efla leiðtogahæfni starfsmanna skólans og tala starfsmenn og

¹ Auglýst var eftir aðstoðarskólastjóra án árangurs og var þessi lausn því til bráðabirgða.

kennarar um að þeir njóti trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Sveitarfélagið gefur starfsmönnum sínum gjafabréf í heilsuræktarstöðvar í jólagjöf. Huga mætti þó betur að heilsu starfsmanna eins og kom fram í viðtali við kennara og starfsmenn.

Styrkleikar

- Stefna skólans og einkunnarorð eru sýnileg í starfi skólans.
- Starfsmenn telja samheldni og liðsheild einkenna starfið í skólanum.
- Stjórnendur hvetja til starfsþróunar og eru virkir að deila upplýsingum þar um til starfsmanna.
- Stjórnendur skapa svigrúm til endurmenntunar hjá starfsmönnum.
- Góð samfella er milli skólastiga með leikskóla í sama húsnæði.
- Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu.
- Kennarar eru ánægðir með skipan kennslu.
- Kennarar finna fyrir trausti hjá stjórnendum og hafa sveigjanleika við skipulagningu náms og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra og birta skólanámskrá á heimasíðu skólans.
- Skólinn þarf að setja sér starfsáætlun og birta.
- Í starfsáætlun skólans þarf að skrá hvernig sérkennslu skólans er háttað.
- Upplýsa foreldra um sérfræðiþjónustu sem skólinn á kost á.
- Gera þarf grein fyrir markmiðum og tengslum símenntunar við áherslur skólans og hverjar áherslur eru í endurmenntun kennara og annarra starfsmanna aðrar en með námsferðum.
- Nýta niðurstöður samræmda prófa og annarra mælitækja markvissar.
- Skrá og kynna fyrir nemendum hverjir eru þeirra fulltrúar í nefndum og ráðum og hvert hlutverk þeirra er.
- Skrá betur verkefni sem skólinn er að vinna að, svo sem uppeldi til ábyrgðar, grænfánann og nefndir sem tengjast þeim.
- Æskilegt er að gera grein fyrir samstarfsverkefnum við grenndarsamfélagið.
- Halda einn opinn skólaráðsfund á ári.
- Hafa fulltrúa foreldra og nemenda með við endurskoðun skólareglna.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólanámskrá þessa skólaárs var ekki til þegar matið fór fram en í þessari umfjöllun er stuðst við námskrá fyrra árs. Skólinn leggur áherslu á stefnu menntayfirvalda og sveitarfélags, grunnþáttum menntunar er gerð skil í skólanámskrá með leiðum sem skólinn fer til að vinna með þá, uppeldisstefna skólans er stefna allra skóla sveitarfélagsins og skólinn tekur þátt í verkefnum Fjarðarbyggðar um bættan námsárangur og læsi.

Á heimasíðu eru allir námsvísar/bekkjarnámskrár allra árganga og allra námsgreina aðgengilegar og settar fram á samræmdan hátt. Þær byggja á aðalnámskrá og setja fram þá hæfni sem nemandi á að búa yfir að námi loknu. Í einstaka námsvísu kemur fram að um samkenndu árganga er að ræða, en námsvísarnir eru árgangamiðaðir.

Foreldrar í rýnihópi töldu sig ekki vera nægilega upplýsta um kennsluáætlanir kennara eða hæfniviðmið og að hvaða markmiðum er stefnt í námi barna sinna. Þeir sjá það sem birtist í Mentor en finnst þeir ekki fá heildræna yfirsýn.

Áætlun um sérstakan stuðning tilgreinir hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er hverju sinni. Stuðningur við nám fer að mestu fram utan námshóps í sérstöku stuðningsrými en hjá stjórnanda kom fram að vilji er til að auka stuðning í bekkjaraðstæðum.


2.2. Árangur náms

Vegna fámennis, það er nemendafjöldi er undir 10 í árgangi, er ekki opinberlega gerð grein fyrir árlegum árangri á samræmdum könnunarprófum en hægt er að skoða uppsafnað meðaltal til að sjá tilhneigingu í árangri til lengri tíma. Þannig framsetning hjálpar til við að setja fram áætlun um bættan árangur ef þarf. Uppsafnaður árangur sem rætt er um í þessari umfjöllun er sú niðurstaða sem fæst þegar fjöldi nemenda á bak við árangur er tíu eða fleiri, það er viðmið um birtingu. Þarf því að reikna saman nokkur ár í einu.

Samræmd könnunarpróf


4. bekkur

Uppsafnaður árangur í íslensku og stærðfræði 2015-2019 sýnir að árangur hefur verið að aukast í báðum greinum sem metnar eru með samræmdum könnunarprófum og hefur verið yfir landsmeðaltali undanfarin ár. Árangur hefur almennt verið betri í stærðfræði en íslensku.



7. bekkur


Árangur í íslensku og stærðfræði hefur eflst milli 2016 og 2019 en er undir landsmeðaltali.



9. bekkur


Árið 2017 voru prófin haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Ekki eru nægilega margir einstaklingar undir til að fjalla um þennan þátt nema fyrir árið 2019 þegar 10 eða fleiri tóku prófin.

Árangur á öllum þremur fögum er undir landsmeðaltali.



10. bekkur

2017 var síðasta árið sem prófað var í 10. bekk. Uppsafnaður árangur, reiknaður frá 2013, sýnir að árangur er um eða undir landsmeðaltali en hafði aukist í öllum metnum fögum, það er íslensku, stærðfræði og ensku.



Kennarar fylgjast með árangri nemenda jafnt og þétt. Í svörum kennara kom fram að þeir fylgjast með niðurstöðum samræmdra könnunarprófa og skimana auk þess að fylgjast með hæfnikortum nemenda. Nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við að hafa fengið umfjöllun kennara um niðurstöður samræmdra könnunarprófa.

Í skólanámskrá kemur fram að nemendur yngsta og miðstigs fái umsagnir um námsstöðu, miðstignemendur fái einnig einkunnir í tölum í nokkrum fögum. Auk þess safna nemendur verkefnum í sýnismöppur. Í skólanámskrá koma ekki fram viðmið um árangur eða matskvarðar.

Lesferill


Skólinn nýtir Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Almennt er lesfimi nemenda um meðaltal landsins. Þrír árgangar liggja aðeins undir meðaltalinu.

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. 20 matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Svör nemenda skólans eru sambærileg og svör annarra nemenda sem taka þátt á 13 af þessum 20 þáttum. Einn þáttur er að mati nemenda marktækt betri í skólanum en fram kemur hjá öðrum sem svara, það er agi í tímum. Sex þættir eru marktækt undir meðaltali, nær allir tengjast þeir mælingum á virkni nemenda, það eru þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði og trú á eigin vinnubrögðum. Einn þáttur í líðan og heilsa er undir meðaltali, það er hollt mataræði og loks er heimavinna minna mikilvæg að mati nemenda en gerist hjá öðrum sem svara. Svör nemenda taka ekki miklum breytingum milli ára.

2.3 Gæði kennslu

Matsmenn sátu í 22 kennslustundum, hjá flestum nemendum og kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Í meirihluta kennslustundanna vantaði umfjöllun um markmið og að nemendum væri kynnt sú hæfni sem stefnt var að með náminu og markmið höfð sýnileg. Í samræðum við kennara og nemendur kom fram að nemendum eru ekki marktækt kynnt hæfniviðmið í tengslum við námið. Þau eru inni í Mentor og eins og fram kom hjá kennurum þá „kynnum við fyrir þeim að þau geti farið þarna inn og skoðað þetta“. Kennarar nefna meiri notkun á Mentor með eldri nemendum.

Margar kennslustundirnar voru að öðru leyti metnar góðar en þriðjungur kennslustundanna þarfnáðist umbóta í einhverjum mikilvægum þáttum. Þar nefndu matsmenn mikið hegðun sumra nemenda, svo sem að gjamma fram í, ögrandi framkomu, þrætur og útrúsnúninga, ráp og óróa. Þessi hegðun einskorðaðist ekki við ákveðna aldurshópa. Þetta er í andstöðu við gildi skólans og uppeldisáherslur.



Í kennslustundum sem matsmenn sátu voru kennsluáherslur fræðandi í 82% tímanna, það er bein kennsla, þar sem kennslustundin einkennist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar


upplýsingum og nemendur vinna að mestu í verkefnabækur sínar. Í aðstæðum eins og eru við samkenndu gengur kennari á milli og aðstoðar hvern og einn. Engin kennslustund einkenndist af leiðbeinandi kennsluáherslum, það er var skipulögð þannig að nemendur hefðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða hefðu bein áhrif á framgang eigin náms, en í 18% stundanna var sú áhersla að hluta til.

2.4 Skipulag náms

Samkenndu árganga er einkennandi í skipulagi kenndu við skólann. Nemendum skólans er að jafnaði kennd í sex námshópum. Nemendum 1. og 10. bekkjar er yfirleitt kennd sér en tveir árgangar eru í samkennduhópum annarra árganga. Á yngsta stigi skipuleggja tveir umsjónarkennarar 1., 2. og 3. bekkjar kenndu saman. Á öðrum stigum fer fram greinabundin kenndu þannig að hver heldur utan um sínar kenndugreinar, en í einhverjum tilfellum kenna margir kennarar sömu námsgrein í árgangnum. Kennarar sögðust ekki skipuleggja nám og kenndu markvisst saman en stöðugt samtal ætti sér stað milli kennara um hegðun og fleira.

Skólinn er vel búinn gögnum og tækjum. Spjaldtölvur eru notaðar á öllum stigum. Nemendur nýttu upplýsingatækni að einhverju marki í 18% stundanna og kennarar einnig í 18%.

Nemendur vinna að hluta að samþættum verkefnum.



Í þeim kenndustundum sem matsmenn sáu voru nemendur að vinna einir að verkefnum sínum í um 3/4 af námstímanum. Í 23% var samvinna í hluta tímans og 5% tímana voru skipulagðir fyrst og fremst sem samvinna nemenda um nám. Fjöldi nemenda í námshópi voru frá sex í 16 meðan á vettvangsheimsókn stóð.

Í samkenndu árganga er hætta á að innlögn fari mikið fram einstaklingslega þegar kennarar sinna hverjum og einum þar sem hann er staddur. Þá fara forgörðum möguleikar á samvinnu nemenda og námssamræðum. Mikilvægt er fyrir kennara að hafa þetta í huga og skapa aðstæður þar sem samræður um nám fara fram milli nemenda og kenna nemendum að takast á við verkefni í þörum eða smærri hópum.

2.5 Námsvitund

Að jafnaði sýndu flestir nemendur námi sínu áhuga en hluti nokkurra námshópa var vanvirkur mismikinn hluta af námstímanum eða var með truflandi hegðun. Eldri nemendur í rýnihópi könnuðust við að í Mentor séu hæfnikort sem snúa að þeirra markmiðum í námi en þeim er ekki markvisst gerð grein fyrir að hvaða markmiðum er verið að vinna með námi þeirra eða viðmiðum um þann árangur sem stefnt er að. Nemendur taka ekki þátt í að setja sér markmið eða meta framgang sinn í námi, annað en taka þátt í sjálfsmati á Mentor sem fram fer tvisvar á ári í tengslum við foreldraviðtöl.

Nemendur unglíngastígs vinna að þemaverkefni einu sinni í viku í fimm vikna lotum. Þar velja þeir verkefni innan þemans. Nemendur nýta fjölbreyttar leiðir til náms og hafa möguleika á fjölbreyttu námsumhverfi.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru að mestu leyti góð og einkennast af virðingu, en þar gætir ákveðins stjórnleysis varðandi hegðun hluta nemenda sem hefur áhrif á skólabraginn. Nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við stefnuna um Uppeldi til ábyrgðar eða skólareglur aðrar en nýtilkomnar reglur um notkun snjallsíma á skólatíma. Þeir sögðust koma að því að gera bekkjarreglur og að haldnir væru bekkjarfundir í tengslum við lífsleikni og þeir fái stundum að segja sitt álit um skipulag skólustarfs. Nemendur í rýnihópi nefna að þeir þekkja til hlutverka þeirra ráða og nefnda sem þeirra fulltrúar taka þátt í.

Styrkleikar

- Stefna menntayfirvalda og sveitarfélags er gerð skil í skólanámskrá, svo sem grunnþáttum menntunar og uppeldisstefnu.
- Heildaráætlanir um nám og kennslu (námsvísar/bekkjarnámskrár) eru birtar á heimasíðu.
- Áætlanir um nám og kennslu eru settar fram á samræmdan hátt.
- Í skólanámskrá er fjallað um stuðning og tilgreinir hvernig tilhögun og framkvæmd hans er.
- Árangur nemenda í 4. bekk hefur verið að eflast á samræmdum könnunarprófum.
- Námsmat er fjölbreytt, með umsögnum, einkunnum og sýnismöppum.
- Kennarar yngsta stígs skipuleggja nám og kennslu í sameiningu.
- Skólinn er vel búinn námsgögnum og tækjum.
- Nemendur unglíngastígs hafa val í þemaverkefnum.
- Nemendur þekkja hlutverk kjörinna fulltrúa sinna í ráðum og nefndum.

Tækifæri til umbóta

- Mjög mikilvægt er að vinna markvisst með virkari innleiðingu uppeldisstefnunnar Uppeldi til ábyrgðar með nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Stoppa þarf fámennan hóp nemenda sem truflar námsfrið samnemenda.
- Birta þarf skólanámskrá sem fyrst á skólaárinu.
- Kynna foreldrum áætlanir í námi og viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Kynna skólareglur fyrir nemendum.
- Gera nemendum betur ljóst hver eru markmið þeirra í námi og hafa þau sýnileg.
- Stefna að því að sérstakur stuðningur fari fram í námshópi nemenda eins og við verður komið.

- Huga hvað veldur þegar mikill munur er á árangri nemenda eftir námsgreinum á samræmdum könnunarprófum.
- Efla samvinnu og samræður nemenda í námi.
- Efla þarf samvinnu kennara um skipulag og framkvæmd náms og kennslu. Sérstaklega þarf að huga að því þar sem margir kennarar koma að kennslu sömu greinar í sama árgangi/námshópi.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Ekkert kemur fram í gögnum skólans á heimasíðu eða í skólanámskrá 2018-2019 um innra mat. Mat á námi og framförum nemenda fer fram reglulega, m.a. með Lesferli og samræmdum könnunarprófum. Kennarar nefna að það hafi ekkert verið gert lengi í tengslum við innra mat en áður hafi verið teymi sem vann að því og setti fram niðurstöður í skýrslum. Að mati kennara í rýnihópi vakti þessi vinna kennarahópin til umhugsunar um hvað væri hægt að gera betur.

3.2 Framkvæmd

Þar sem ekkert reglulegt innra mat fer fram í skólanum er ekki hægt að meta hvernig framkvæmdin er.

3.3 Umbætur

Þar sem ekkert innra mat fer fram er ekki til umbótaáætlun og ekki hægt að leggja mat á hvaða aðgerða er gripið til við umbætur.

Styrkleikar

- Mat á námi, árangri og framförum nemenda fer fram reglulega, svo sem með Lesferli og samræmdum könnunarprófum.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf markvisst að innleiðingu innra mats í skólanum.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að hafa umsjón með framkvæmd innra mats og skipulagi þess.
- Gera langtímaáætlun um innra mat til þriggja til fimm ára.
- Vinna áætlun um innra mat ársins og gera þar grein fyrir aðgerðum, þátttakendum, tímasetningum, ábyrgðaraðilum og viðmiðum um árangur, þar sem það á við.
- Leita formlega eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðilar við matið, s.s. foreldra.
- Vinna árlega greinargerð um innra mat og birta opinberlega.
- Gera árlega umbótaáætlun þar sem fram koma aðgerðir, tímasetningar, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.
- Bera umbótaáætlun sem og aðrar áætlanir og skýrslur í innra mati undir skólaráð með formlegum hætti.